

Heimildin

#080

10. – 16. janúar 2025
1. tölublað · 3. árgangur
Lausasala 1.490 kr.
Áskrift frá 3.990 kr.

→ heimildin.is

AUGLÝSING



Velkomin á fjölbreyttar íslenskar og alþjóðlegar sérsýningar á Listasafni Íslands árið 2025, bæði við Fríkirkjuveg og í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Listasafn Íslands 2025

Nánd hversdagsins

Agnieszka Sosnowska
Joakim Eskildsen
Niall McDiarmid
Orri Jónsson
Sally Mann

Þetta er mjög stór tala (Commerzbank)

Hildigunnur Birgisdóttir

Ráðgátan um Rauðmagann og aðrar sögur um eftirlíkingar og falsanir

The Clock

Christian Marclay

Endurlit

Kristján H. Magnússon

Veggspjöld

Kristján H. Magnússon

Kjarval á Austurlandi

Jóhannes Kjarval

The Green Land

Inuk Silis Hoegh

Tímaflakk

Steina Vasulka

Sequences XII

listasafn.is

Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Nánd hversdagsins Agnieszka Sosnowska Joakim Eskildsen Niall McDiarmid Orri Jónsson Sally Mann

Sýningin er hluti af Ljósmyndahátíð Íslands. Verkin voru valin úr ákveðnum myndaröðum úr höfundarverki hvers og eins listamanns þar sem birtist djúp ástríða fyrir því að ljósmynda fólk á þeim stöðum sem standa því næst. Styrktaraðilar eru American Friends of the National Gallery of Iceland, Statens Kunstfond, Ny Carlsberg Fondet og bandaríska sendiráðið á Íslandi. Agnieszka Sosnowska og Orri Jónsson hlutu styrk frá Myndstef. Sýningarstjóri: Pári Stave.

25.1.–4.5.2025



Joakim Eskildsen. Dinner, úr seríunni Home Works. © Joakim Eskildsen



Christian Marclay. Myndbrot úr The Clock, 2010. Vídeó á einni rás með hljóði, 24 klukkutímar. © Christian Marclay / Birt með leyfi Paula Cooper Gallery, New York.

The Clock Christian Marclay

The Clock (2010) eftir svissnesk-bandaríska listamanninn Christian Marclay er epískt, sólarhringslangt vídeóverk á einni rás með hljóði. Verkið hlaut Gullna ljónið á Feneyjatvíæringnum árið 2011 og er almennt talið eitt merkasta listaverk 21. aldarinnar, í senn djúpstæð hugleiðing um tímann og virðingavottur við sögu kvikmyndalistarinnar. Verk Marclays er klippt saman úr mörg þúsund myndbrotum, ýmist svarthvítum eða í lit, sem hann safnaði á þrjú ára tímabili. Hvert myndbrot skírskotar til ákveðinnar tímasetningar, hvort sem er í gegnum samtal eða með vísun í tímamæli – klukku, úr, stundaglas, sólúr eða blikkandi útvarpsvekjara – sem í réttu tímaröð spannar heilan sólarhring, mínútu fyrir mínútu. Vídeóið er stillt á staðartíma og er því sjálft tímamæli. Sýningin er styrkt af Pro Helvetia. Sýningarstjóri: Pári Stave.

2.5.–22.6.2025



Hildigunnur Birgisdóttir, *Very Large Number*, 2023. Mynd: Vígfús Birgisson.

Þetta er mjög stór tala (Commerzbank) Hildigunnur Birgisdóttir

Hildigunnur er kunn fyrir að gefa hinu smáa gaum í listsköpun sinni og varpa gagnrýnu ljósi á hnattræn framleiðslu- og dreifingarkerfi, sem og hið undarlega lífshlaup varningsins sem þessi kerfi skapa. Í verkum sínum dregur hún athyglina að litlum, einnota hlutum sem gjarnan eru fjöldaframleiddir fylgifiskar neyslumeningarinnar: umbúðum, verðmiðum, merkingum og útstillingareiningum. Hún fær þessum hlutum nýtt hlutverk en gildi þeirra og merking gjörbreytist þegar komið er út fyrir hið upprunalega samhengi þeirra. Sýningin var framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 2024 í sýningarstjórn Dan Byers. Hérlendis stýrir verkefninu Pári Stave.

22.2.–7.9.2025



Kristján H. Magnússon, *Vetur á Þingvöllum*, 1932, LÍ-503.

Endurlit Kristján H. Magnússon

Málverk Kristjáns H. Magnússonar vöktu mikla hrifningu þegar hann geystist fram á myndlistarvettvanginn fyrir tæpum 100 árum. Verk hans vöktu ekki aðeins athygli hér á landi því hann hélt einnig sýningar í stórborgum austan hafs og vestan. Á Íslandi hlutu verk hans hins vegar blændnar viðtökur og í dag eru þau fáum kunn og nafn hans heyrst sjaldan í umræðunni um íslenska myndlist. Engu að síður er framlag hans til listasögunnar töluvert að vöxtum og áhugavert fyrir margra hluta sakir. Á væntanlegri yfirlitssýningu beinir Listasafn Íslands sjónum að verkum þessa skammlífa listamanns sem lést aðeins 34 ára að aldri árið 1937 eftir stuttan en áhugaverðan feril. Sýningarstjóri: Dagný Heiðdal.

24.5.–14.9.2025



Kristján H. Magnússon, *Goðafoss – Forsíða dagatals Eimskips* 1931, 1930.

Veggspjöld Kristján H. Magnússon

Auk myndlistar lagði Kristján H. Magnússon stund á hagnýta grafíklist þegar hann var í framhaldsnámi í New York veturinn 1926–1927 og starfaði hann síðan á því sviði samhliða myndlistariðkun bæði í New York og Reykjavík. Reynsla Kristjáns af steinþykki og auglýsingagerð nýttist honum sérstaklega við gerð auglýsinga og veggspjalda fyrir Eimskipafélag Íslands á árunum 1929–1934. Á þessum tíma blómstraði í New York hinn svokallaði Art deco-stíll í listiðnaði, hönnun og byggingalist. Sjá má áhrif Art deco í veggspjöldum Kristjáns sem verða til sýnis í Safnahúsinu á sama tíma og líta má málverk hans og teikningar við Fríkirkjuveg á sýningunni *Endurlit*. Sýningarstjóri: Guðmundur Oddur Magnússon.

24.5.–28.9.2025

Ráðgátan um Rauðmagann og aðrar sögur um eftirlíkingar og falsanir

Í safneign Listasafns Íslands leynast nokkur fölsuð verk sem hafa borist safninu með margvíslegum hætti. Undanfarin misseri hafa starfsmenn safnsins rannsakað þessi verk og hefur þá margt forvitnilegt komið í ljós. Markmið sýningarinnar er að auka vitneskju almennings um málverkafalsanir og hvernig megi varast falsanir á markaði. Listaverkafalsanir eiga sér langa sögu en íðulega er markmið falsara að blekkja kaupendur í hagnaðarskyni. Sýningarstjórar: Dagný Heiðdal og Ólafur Ingi Jónsson.

12.4.–14.9.2025



Ólafur Ingi Jónsson, Rauðmaginn, án ártals, LÍ ÞGG-2.



Steina Vasulka, Violin Power I, 1970–1978, vídeóverk, 10:04 mín. Birt með leyfi listamannsins, BERG Contemporary og Vasulka Foundation.

Tímaflakk Steina Vasulka

Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur munu sameiginlega standa að viðamikilli sýningu sem opnuð verður í báðum söfnum samtímis í haust og tekur þá yfir tvö stærstu listasöfn landsins. Steina Vasulka er einn helsti frumkvöðull vídeólistar og nýmiðlunar í heiminum og brautryðjandi og áhrifamanneskja á sviði samtímalistar. Með verkum sínum hefur hún tengt saman vídeólist, tónlist og tækni á einstaklega skapandi og frjóan hátt. Sýningin er fyrsta stóra yfirlitssýningin á verkum Steinu hér á landi. Rakinn verður listrænn ferill Steinu frá upphafi til samtímans og birtir sýningin í heild því afar áhugaverða mynd af þróun tækni og listar á síðustu sex áratugum. Sýningin er skipulögð af MIT List Visual Arts Center í samvinnu við Buffalo AKG-listasafnið. Sýningarstjórar eru Natalie Bell, MIT List Visual Arts Center, og Helga Christoffersen, Buffalo AKG-listasafninu. Hérlandis stýra verkefninu Markús Þór Andrésson og Pári Stave.

4.10.2025–11.1.2026



Inuk Silis Høegh, The Green Land, 2021, 1-rásar vídeóverk, 34 mín.

The Green Land Inuk Silis Høegh

The Green Land (2021) er tekið upp í og umhverfis Nuuk og Manísoq á Grænlandi. Verkið er sjónræn hugleiðing um landslag sem er í senn ósnortíð og óstöðugt sökum inngrípa mannsins og loftslagsbreytinga. Verkið er sýnt í stöðugri hringrás og hverfist um fjögur frumöfl – eld, jörð, vatn og loft – sem birtast sem óræð, græn nærvera í tímabundnum landslagsgjörnungum. Þannig öðlast þessi frumöfl andlega vídd en listamaðurinn hefur lýst því sem svo að græni liturinn hlykkist um landslagið líkt og grænn ormur. Myndinni fylgir hljóðmynd eftir danska hljóðlistamanninn Jacob Kierkegaard en í verkum sínum rannsakar hann tónlistina í náttúruhljóðum sem hann fangar úr hafi, ís, eldstöðvum og andrúmsloftinu. Sýningarstjóri: Pári Stave.

5.7.–21.9.2025



Frá síðustu hátíð Sequences árið 2023, Get ekki séð.

Sequences XII

Sequences er listamannarekin alþjóðleg myndlistarhátíð sem haldin er annað hvert ár á mörgum stöðum í Reykjavík. Daría Sól Andrews mun skapa listræna umgjörð hátíðarinnar. „Hugmyndafræðin að baki Sequences XII tengist fagurfræði sem kallast „hæg list“ og felur í sér tengingar milli myndlistar og áhorfanda, að taka sér tíma með list, með hverju og einasta verki, og íhuga nýjar leiðir til að upplifa og meðtaka myndlist. Einblínt verður á verk sem eru unnin hægt og taka tíma að mótast og verða til, einnig listamenn sem vinna að einu verkefni yfir mörg ár eða áratugi. Áhersla verður lögð á samfélagslega uppbyggingu og tengingu, samveru, umræður og ábyrgð.“ – Daría Sól Andrews

10.10.–20.10.2025



Jóhannes Kjarval, Af Norðurbrún yfir Fljótsdalshérað, 1950, LÍ-1530.

Kjarval á Austurlandi Jóhannes Kjarval Skaftfell Art Center

Sýningin *Kjarval á Austurlandi* er samvinnuverkefni Skaftfells, myndlistarmiðstöðvar á Seyðisfirði og Listasafns Íslands. Á sýningunni verða verk sem Kjarval vann á Austfjörðum. Síðasta sumar var sýningin *Framtíðarfortíð* sett upp í samvinnu við Listasafn Ísafjarðar. Í tengslum við sýningarnar eru boðið upp á námskeið fyrir kennara í myndlæsi sem byggir á nýútgefnu námsefni safnsins sem heitir *Sjónarafi*. Listasafnið hefur á síðustu árum eft samstarf við landsbyggðina í formi sýninga, námskeiða og safnkennslu fyrir börn og ungt fólk. Sýningarstjórar: Anna Jóhannsdóttir og Pári Stave.

17.6.–26.10.2025



AUGLÝSING



Listasafnsfélagið Hollvinafélag Listasafns Íslands

Listasafnsfélagið, hollvinafélag Listasafns Íslands, var endurvakið á stofnfundi í gær, 9. janúar, á Listasafninu við Fríkirkjuveg. Félagið er opið öllum sem vilja styðja við starfsemi safnsins.

Hvatamenn að stofnun hins nýja félags eru Katrín Jakobsdóttir, Reimar Pétursson og Salvör Nordal. Félagið byggir á lögum um hollvinafélög og er meginmarkmið þess að styðja við starfsemi Listasafns Íslands. Í gegnum tíðina hafa fjölmargir listamenn og aðrir velunnarar stutt við safnið með fjölda listaverkagjafa en líka gjafa í formi bygginga og fjármuna. Stærsta einstaka gjöfin var frá Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssyni árið 1980 sem núvirk er tæpur milljarður. Þá er stutt síðan erfingar hjónanna Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, sem kennd eru við Síld og fisk, færðu safninu um 1400 verk.

Nú þegar hefur tilvonandi félagi borist vilyrði um gjöf frá þeim Birgi Þór Bieltvedt og Eygló Björk Kjartansdóttur, málverkið Askberg (2020) eftir hinn þekktu sænska málara Andreas Eriksson. Að sögn listamannsins er verkið unnið undir áhrifum frá íslenskrí náttúru.

Þau sem vilja skrá sig í Listasafnsfélagið geta gert það með því að senda tölvupóst á netfangið info@listasafn.is.



Virkt samtal við ólíka hópa samfélagsins

Um þessar mundir er unnið að fræðsluverkefni með kennurum móttökudeildar Ingunnarskóla. Verkefnið snýst um að stuðla að jákvæðri þátttöku nemenda í menningarlífi, safnaheimsóknum og þróun fræðsluefnis fyrir nýja Íslendinga en safnið er kjörinn vettvangur fyrir fólk sem er að aðlagast nýrri menningu og þjóð. Listasafnið leggur mikla áherslu á að þjónusta ólíka hópa samfélagsins. Meðal annars með góðu samtali við Rauða krossinn, virkniþjónustu sérhæfðrar dagþjálfunar og fleiri hópa sem safnið leggur sig fram við að mæta á þeirra forsendum.

Gæðastundir fyrir eldri borgara

Gæðastundir eru viðburðir sem ætlaðir eru eldri borgurum. Viðburðirnir eru samsettir úr spennandi leiðsögnum og spjalli við sérfræðinga safnsins um myndlist, yfirstandandi sýningar og starfsemi. Viðburðirnir skapa tækifæri fyrir gesti til að nálgast myndlistina og menningararf þjóðarinnar á margvíslegan hátt. Ávallt er boðið upp á kaffi og meðlæti, en Kaktus Espresso bar á Fríkirkjuvegi styrkir verkefnið með bakkelsi. Aðgangseyrir á safnið gjldir.

Myndlistarnámskeið fyrir börn

Listasafn Íslands býður upp á skapandi og spennandi myndlistarnámskeið fyrir börn á nýja listaverkstæðinu í safninu við Fríkirkjuveg. Unnið er út frá sýningum safnsins þar sem listaverkin verða rannsökuð og áhersla lögð á að þjálfa lita- og formskynjun, nota ólíkan efnivið og vinna í margs konar miðla, eins og málun og skúlpúr. Markmið námskeiðsins er að fá börn til að nálgast myndlist af gleði og forvitni. Í lok námskeiðs er haldin sýning fyrir vini og fjölskyldu þar sem afrakstur þátttakenda er til sýnis.



**Krakka-
klúbburinn
Krummi**

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá á hverjum laugardegi kl. 14 á Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg eða í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Kátum krökkum er boðið að fræðast um listaverkin í safneign Listasafns Íslands, skapa listaverk og leika sér í nærandi umhverfi. Listasafn Íslands tekur vel á móti öllum börnum og fylgdarmönnum þeirra!

Með starfrækslu krakka klúbbsins vill Listasafn Íslands veita börnum og fjölskyldum þeirra tækifæri til þess að njóta góðra stunda saman á safninu. Dagskráin er vönduð og öllum er velkommið að taka þátt, sér að kostnaðarlausu. Fylgist með dagskránni á www.listasafn.is/heimsaekja/vidburdir/.

Skannaðu kóðann til að skrá þig á póstlista Listasafns Íslands og fáðu boð á opnanir, viðburði, leiðsagnir og annan fróðleik.



Árskort á Listasafn Íslands



Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Einn miði, tvö söfn.
Opið alla daga vikunnar
frá kl. 10:00–17:00.

Listasafn Íslands
Fríkirkjuvegur 7
Safnahúsið
Hverfisgata 15

info@listasafn.is
515 9600

18 ára og eldri	2.200 kr.
67+ & námsfólk	1.100 kr.
Handhafar Menningarkorts Reykjavíkur	50% afsláttur
Yngri en 18 ára, öryrkjar, fylgdarfólk fatlaðra, handhafar Reykjavík City Card, félagar í ICOM, FÍSOS, SÍM, og fjölmiðlar	Frítt
Árskort	4.400 kr.
Árskort +1	6.600 kr.
Árskort fyrir 65+ / -25	3.300 kr.

Fimmtudagurinn langi

Síðasta fimmtudag hvers mánaðar er Listasafn Íslands opið til 22. Fylgist með spennandi dagskrá langra fimmtudaga á samfélagsmiðlum og heimasíðu Listasafns Íslands.